

Þriðjudaginn 30. maí 1995.

Nr. 14/1995.

**Alþýðusamband Íslands vegna  
Verkamannasambands Íslands**

(Ástráður Haraldsson hrl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands  
vegna aðildarfélaga þess**

(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

Kjarasamningur. Námskeiðsálag. Sératkvæði.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Ingibjörg Benediksdóttir, Arnmundur Backman og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensás-vegi 16, Reykjavík, vegna Verkamannasambands Íslands.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík vegna aðildarfélaga þess

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að 2. gr. kjarasamnings Verkamannasambands Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins hins vegar sem undirritaður var þann 21. febrúar 1995 verði skil-in svo að umsamdar hækkanir skuli reiknast á grundvelli launataxta án námskeiðsálaga og að engin breyting hafi orðið á umsömdu námskeiðsálagi sérhæfðs fiskvinnslufólks skv. aðalkjarasamningi að-ila og að engin breyting hafi orðið á umsömdu námskeiðsálagi starfsfólks í mötuneytum skv. sama aðalkjarasamningi. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt málskostn-aðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda. Jafnframt gerir stefndi þá gagnkröfu:

Að viðurkennt verði að við útreikning sérstakrar launahækkunar skv. 2. gr., 2. og 3. mgr. kjarasamnings aðila frá 21. febrúar 1995 skuli leggja til grundvallar öll föst laun fyrir dagvinnu, þar með talin námskeiðsálög samkvæmt gr. 1.1.1. og 18.2. í aðalkjarasamningi að-ila.

Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Mál þetta var þingfest hinn 7. apríl sl. og dómtekið að loknum munnlegum máflutningi hinn 3. maí sl.

*Málavextir.*

Málsatvik eru þau að þann 21. febrúar 1995 voru undirritaðir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði að undangengnum samningaviðræðum sem staðið höfðu nokkurt skeið. Samningar náðust á grundvelli tilboðs sem fram kom frá atvinnurekendum til lands sambanda Alþýðusambandsins um almenna hækkun á launaliðum kjarasamninga.

Tilboð þetta var byggt á hugmynd sem upphaflega kom fram í kröfugerð Landssambands Íslenskra Verzlunarmanna og Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Form launabreytinga samkvæmt þeirri kröfu var jafnmínkandi launahækkun (línuleg m.v. reiknireglu) eftir því sem ofar dró í launatöxtum.

Í 2. mgr. 2. gr. kjarasamnings aðila frá 21. febrúar 1995 er þessi sérstaka reikniregla sett fram og er hún svohljóðandi:

„Til viðbótar almennri hækkun skv. 1. mgr. hækka lægri launataxtar sérstaklega um kr. 100 fyrir hverjar 4.000 krónur sem taxtinn er lægri en kr. 84.000. Launatöflur skv. kjarasamningum skulu þó taka þessari sérstöku hækkun með þeim hætti að við hvert launaþrep bætist 1/40 hluti af mismuninum af kr. 84.000 og hlutaðeigandi mánaðarlaunataxta.“

Í 3. mgr. 2. gr. segir að framangreindar hækkanir miðist við föst laun fyrir dagvinnu (að meðtalinni yfirborgun) og er jafnframt tilgreind tafla sem sýnir heildarlaunahækkun við undirritun samningsins miðað við mánaðarlaun á bilinu frá kr. 43.000 til kr. 84.000.

Í framhaldi af undirritun samninganna gaf Verkamannasamband Íslands út kaupskrár þar sem umsamdar launabreytingar samkvæmt 2. gr. kjarasamnings aðila eru reiknaðar á dagvinnutaxta án sérstakra álaga s.s. námskeiðsálaga. Stefndi Vinnuveitendasamband Íslands gaf sömuleiðis út kaupgjaldsskrá, en þar eru launabreytingarnar miðaðar við föst laun fyrir dagvinnu að meðtöldum námskeiðsálögum.

Stefnandi mótmælti reikningsaðferð stefnda með bréfi hinn 8. mars 1995. Þann 16. mars 1995 svaraði stefndi því bréfi og lýsti skilningi sínum á 2. gr. kjarasamningsins. Varð þá ljóst að til staðar væri ágreiningur um túlkun kjarasamnings aðila sem ekki yrði leyst úr nema með dómi Félagsdóms.

Hefur stefnandi höfðað mál þetta til staðfestingar á skilningi sínum á kjarasamningnum, en þeirri túlkun er andmælt af hálfu stefnda.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi byggir á því varðandi 2. gr. kjarasamnings aðila að gagnvart launatöflum samkvæmt kjarasamningum sé fyrri aðferðin (reiknireglan) meginefni samningsins og fjalli um hvernig reikna skuli breytingar á almennum launatöxtum. Þeirri reglu hafi ekki verið ætlað að hafa nein áhrif á sérstaklega umsamin álög samkvæmt aðalkjarasamningi.

Gagnvart kjörum þeirra sem njóti yfirborgana sé seinni aðferðin (taflan í 2. gr.) meginefni samningsins og fjalli um það að taka skuli tillit til þess hluta dagvinnulauna sem séu umfram lágmarksákvæði kjarasamninga.

Kaupgjaldsskrá sú sem Vinnuveitendasamband Íslands hafi gefið út hafi ekki samræmst reiknireglu 2. gr. kjarasamningsins. Ástæðan sé sú að við útreikninga sína hafði VSÍ brugðið út af þeim forsendum sem legið hafi til grundvallar samningnum og sem skýrt sé kveðið á um í reiknireglunni sjálfri og bætt við mánaðarlaunataxta námskeiðsálagi sem sérhæft fiskvinnslufólk og starfsfólk í mötuneytum njóti skv. greinum 1.1.1. og 18.3.2.3. í aðalkjarasamningi aðila.

Kjarni deilunnar snúi að því hvað sé átt við með hugtakinu launatöflur í 2. gr. kjarasamningsins frá 21. febrúar 1995. Sé þar um að ræða blábera launataxta eins og stefnandi heldur fram eða skuli sérstaklega umsamið námskeiðsálag bætast ofaná taxta áður en launahækkun kjarasamningsins sé reiknuð. Námskeiðsálög fiskvinnslufólks og starfsfólks í mötuneytum séu sérstaklega umsamin álög að tiltekinni fjárhæð (nú kr. 3.207,-) sem leggjst ofan á taxta. Taxtatöflur séu stundum sýndar með þessum álögum til hægðarauka en það þýðir ekki að þau séu hluti af mánaðarlaunataxta, launataxta, launatöflu, grunnlaunum eða hvaða nöfn önnur menn vilji nefna grunntaxta lágmarkskjaraákvæða kjarasamninga. Til samanburðar er bent á framlagða taxta Samiðnar.

Niðurstaðan af útreikningum 2. gr. kjarasamnings aðila frá 21. febrúar 1995, ef beitt sé útreikningsaðferð stefnda, sé sú að námskeiðsálögin myndu lækka úr kr. 3.207,- í kr. 3.127,- eða um kr. 80,- eða 2,5%. Um slíka lækkun hafi alls ekki verið samið.

Með aðilum kjarasamningsins sé samkomulag um að leyst verði úr ágreiningi þessum með þeim hætti sem hér sé til stofnað, þ.e. án þess að Vinnumálasambandið eigi aðild að máli þessu en af þess hálfu hafi verið lýst yfir að sambandið muni una þeirri niðurstöðu sem verði í þessu máli.

Sjaldnast áður hafi verið samið með þeim hætti sem hér hafi verið gert, þ.e. með því að setja upp reiknireglu og því ekki hægt að vísa til fordæma um túlkun. Það sé beitt nýrri aðferð við útreikning hækkunar á launatöflum (reikniregla með jafntlækkandi krónutölu) og í viðræðum aðila hafi aldrei komið fram að til stæði að gera með þessu neinar breytingar á sérstaklega umsömdum álögum samkvæmt öðrum greinum aðalkjarasamnings aðila. Þvert á móti sé sérstaklega kveðið á um það í 1. gr. samningsins frá 21. febrúar 1995 að allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengist til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningnum felast og falli þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Þær breytingar sem ætlað hafi verið að gera á hinum sérstöku álögum sem í aðalkjarasamningi aðila sé að finna séu að sjálfsögðu tíundaðar í samningnum sjálfum. Dæmi um þetta séu samningsákvæði 10. gr. varðandi vinnufatnað, ákvæði 4. gr. varðandi desemberuppbót og ákvæði 5. mgr. 2. gr. varðandi bónus- og premíukerfi.

Með öðrum orðum, með reiknireglunni og krónutöluhækkun hafi ætlunin verið sú að umsamin starfsaldursbil riðluðust í þeim launatöflum sem kjarasamningurinn náði til og bil milli launataxta skyldi minnkað. Engin ákvæði samningsins fjalli hins vegar um skerðingu á álögum eða beina lækkun sérstakra álaga enda séu slík álög ekki hluti launataxta.

Engin slík álög hafi átt að lækka að krónutölu þó að reiknireglan feli að sjálfsögðu í sér hlutfallslega lækkun slíkra álaga í samanburði við heildarlaun þar sem slík álög séu ákveðin sem krónutala. Dæmi um þetta séu ákvæði aðalkjarasamnings um orlofsuppbót.

Ágreiningurinn í þessu máli sé aðeins um útreikning launatöflu samkvæmt kjarasamningi. Af hálfu stefnanda er fullyrt og á því byggt að með mánaðarlaunatöxtum hafi aldrei verið átt við neitt annað en bláberar launatöflurnar. Hefði hugur samningsaðila staðið til þess að lækka sérstaklega umsamin námskeiðsálög samkvæmt aðalkjarasamningi hefði átt að orða það skýrt og greinilega. Það hafi ekki verið gert, enda aldrei staðið til að þau lækkuðu. Náms-

skeiðsálögin séu föst krónutala og kjarasamningur aðila gangi út frá að sú krónutala sé óbreytt.

*Málsástæður og lagarök stefnda.*

Af hálfu stefnda er tekið fram um málavexti að aðfaranótt 21. febrúar 1995 hafi verið undirritaðir kjarasamningar milli stefnda og stefnanda, Verkamannasambands Íslands auk Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, Landssambands verzlunarmanna, Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Landssambands iðnverkafólks, Samiðnar, Rafiðnaðarsambands Íslands, Félags hárgreiðslu- og hárskerasveina og Félags starfsfólks í veitingahúsum. Ætla megi að þessir 10 kjarasamningar taki til um 50 þúsund starfsmanna á samningsviði stefnda. Í 2. gr. þeirra sé fjallað um hækkun launa og sé sú grein samhljóða í öllum þessum samningum að frátalinni 3. mgr. 2. gr. í samningi Samiðnar. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. hækki öll laun um sömu krónutölu 2.700 kr. Til viðbótar hækki lægri laun sérstaklega skv. 2. mgr. um allt að 1.000 kr. eða um 100 kr. fyrir hverjar 4.000 kr, sem launin séu lægri en 84.000. Launtöflur skv. kjarasamningum taki þó þessari sérstöku hækkun með þeim hætti að við hvert launaþrep bætist 1/40 hluti af mismuninum af kr. 84.000 og hlutaðeigandi mánaðarlaunataxta.

Framangreindar hækkunir skuli skv. 3. mgr. sömu greinar miðast við föst laun fyrir dagvinnu. Til áréttingar um að ekki skipti máli hvernig laun séu samsett sé þar sérstaklega tekið fram að yfirborgun sé meðtalin. Með samningi Samiðnar sé hins vegar sérstök bókun þar sem segir að við mat á því hvort breytingar á launatöxtum iðnaðarmanna gefi tilefni til hækkunar á greiddu kaupi skuli leggja saman allar aukagreiðslur sem teljist til fastra launa. Reynist heildarlaun hærri en 84.000 kr. þá eigi þau laun ekki að hækka nema sem svari almennri hækkun, þ.e. 2.700 kr. á mánuði.

Við samningsgerðina hafi frá upphafi verið stefnt að launajöfnun á grundvelli kröfugerða fyrrgreindra landssambanda og félaga. Eins og fram komi í stefnu hafi tilboð stefnda sem varð grundvöllur samninganna verið byggt á kröfugerð Verzlunarmannafélags Reykjavíkur sem hafi verið kynnt stefnda um miðjan janúar 1995. Þar sé auk almennrar krónutöluhækkunar gert ráð fyrir sérstakri hækkun, eða breytilegum þætti, sem kæmi ofan á öll greidd laun undir ákveðinni viðmiðunarupphæð hverju nafni sem þau nefnast en ekki aðeins á launataxta. Við útreikning meðaltalshækkunar

launa samkvæmt samningstillögunum hafi verið byggt á launadreifingu í úrtaki Kjararannsóknarnefndar. Í tölum Kjararannsóknarnefndar sé námskeiðsálag talið til dagvinnulauna eins og komi fram í skilgreiningu á hreinu tímakaupi. Mat stefnda á kostnaðaráhrifum kjarasamninganna hafi eðlilega verið reiknað með sama hætti.

Í samningaviðræðum hafi fyrirsögn í töflu 3. mgr. 2. gr. verið breytt í mánaðarlaun til að forðast misskilning og 1. másl. 3. mgr. bætt við að tillögu stefnda. Sá málsliður vísar, eins og orðalag hans bendir til, bæði til almennu launahækkunarinnar skv. 1. mgr. og hinnar sérstöku hækkunar 2. mgr. án tillits til þess hvor reikniaðferðin sem þar sé tilgreind eigi við. Með því sé tekinn af allur vafi um að sérstaka launahækkunin skv. 2. mgr. 2. gr. samninganna miðist við föst laun fyrir dagvinnu óháð því hvornig þau séu samsett og án tillits til þess hvort hluti þeirra sé samningsbundið álag svo sem námskeiðsálag.

Námskeiðsálag skv. gr. 1.1.1. og 18.2. í aðalkjarasamningi aðila sé óumdeilanlega hluti af föstum launum fyrir dagvinnu enda myndi það stofn fyrir yfirvinnu, sbr. aðalkjarasamning aðila og framlagðar kaupgjaldskrár.

Þessi ákvæði hafi komið til sérstakrar umræðu á fundi fulltrúa stefnda og annarra samningsaðila snemma morguns þann 20. febrúar 1995. Á þeim fundi hafi verið sett fram sú krafa að föst laun í þessari merkingu yrðu skilgreind sem þau laun sem myndi stofn fyrir yfirvinnu í hverju tilviki. Kröfunni hafi verið hafnað af stefnda þar sem hún leiddi til takmörkunar sem hann hafi ekki getað felld sig við þar sem aukagreiðslur sem ekki mynda stofn fyrir yfirvinnu hefðu þá ekki talist til fastra launa fyrir dagvinnu.

Það sé því rangt sem fram kom í stefnu að við beitingu reiknireglu 2. mgr. 2. gr. hafi ekki verið ætlast til þess að reiknað væri með sérstaklega umsömdum álögum skv. aðalkjarasamningi. Ef ætlunin hefði verið að undanskilja einhverja þætti fastra launa við mat á rétti til sérstakrar launahækkunar hefði orðið að tiltaka það sérstaklega í samningi. Enginn slíkur áskilnaður sé gerður.

Strax eftir undirritun samninganna hafi aðilar hafið undirbúning að útgáfu nýrra kauptaxta. Eins og greint sé frá í stefnu hafi þá komið í ljós ósamræmi í túlkunum samtaka vinnuveitenda og launþega.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. sbr. 3. mgr. 2. gr. kjarasamnings aðila

hafi stefndi við útreikning hinnar sérstöku launahækkunar lagt til grundvallar öll föst laun fyrir dagvinnu, þar með talið námskeiðsálag sérhæfðs fiskvinnslufólks og starfsfólks í mótuneytum skv. gr. 1.1.1. og 18.2. í aðalkjarasamningi aðila. Þessi sérstaka hækkun hafi þannig verið 1/40 af mismuninum af kr. 84.000 og viðkomandi mánaðarlaunataxta að viðbættu námskeiðsálaginu. Launataxtar verkamanna hafi verið hækkaðir þannig skv. ofangreindri reiknireglu að launatafla sérhæfðs fiskvinnslufólks hækkaði á sama hátt og launatafla fiskvinnslufólks (sem er án námskeiðsálags). Sömu reglu hafi einnig verið beitt við útreikning launatöflu starfsfólks í mótuneytum hvort sem laun hafi verið með eða án námskeiðsálags. Af því leiði að hin sérstaka launahækkun verði mismunandi eftir því hvort um sé að ræða launataxta með eða án námskeiðsálags. Umsamin krónutala námskeiðsálags breytist þannig ekki þó í reynd komi það þannig út þegar miðað sé við mismun á milli launataxta með og án námskeiðsálags. Hann verði mismunandi eftir launaflokkum og starfsaldursþrepum. Þannig riðlist hlutföll milli þessara taxta eins og önnur hlutföll milli hærri og lægri launaflokka. Þannig reiknaðar hafi launatöflur verkamanna verið birtar í kaupgjaldsskrá stefnda.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að í hugtakinu launatöflur í 2. mgr. 2. gr. kjarasamnings aðila sé átt við „blábera“ launataxta án námskeiðsálaga. Er í því sambandi vísað til 1. másl. 3. mgr. 2. gr. kjarasamnings aðila og þeirrar staðreyndar að þegar fyrir samningsgerðina hafi námskeiðaálag verið innifalið í dagvinnulaunum eins og þau hafa verið birt í launatöflum og aðalkjarasamningi aðila eins og hann hafi verið gefinn út. Þá sé byggt á því af hálfu stefnda að námskeiðsálag skv. gr. 1.1.1. og 18.2. í aðalkjarasamningi aðila myndi stofn fyrir yfirvinnugreiðslur.

Bent er á að hið umdeilda samningsákvæði feli í sér sérstaka línulega hækkun lægri launa sem leiði til meiri hækkunar þeirra launa sem lægri séu. Laun sem njóti námskeiðsálags hækki því minna en laun án álags en viðurkennt sé í stefnu að í kröfugerð þeirri sem hafi verið grundvöllur samningsins hafi verið gert ráð fyrir að launahækkanir reiknuðust ofan á öll greidd laun hverju nafni sem nefndust en ekki aðeins á launataxta. Þannig séð breyti samningurinn ekki upphæð umsaminna námskeiðsálaga, sbr. þó það sem rakið hefur verið hér að framan um áhrif launabreytingarinnar. Sú fullyrðing í kröfugerð stefnanda að umsamið námskeiðsálag hafi verið

lækkað með útreikningi stefnda á kaupþöxtum sé þannig röng og tilhæfulaus. Seinni hluti kröfugerðar stefnanda sé að þessu leyti markleysa.

Mál þetta er höfðað á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Varðandi gagnkröfu stefnda er vísað til 53. gr. laga 80/1938. Kröfur sínar styður stefndi við 2. gr. 2. og 3. mgr. kjarasamnings aðila frá 21. febrúar 1995.

Um málskostnað er vísað til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

*Niðurstaða.*

Í 2. mgr. 2. gr. kjarasamnings málsaðila frá 21. febrúar 1995 er mælt fyrir um sérstaka hækkun launa til viðbótar hinni almennu hækkun kr. 2.700 samkvæmt 1. mgr. 2. gr. Launahækkun þessi byggir á þeirri reglu að lægri launataxtar skuli hækka sérstaklega um kr. 100 fyrir hverjar kr. 4.000 sem taxtinn er lægri en kr. 84.000. Launatöflur samkvæmt kjarasamningum skulu þó taka þessari sérstöku hækkun með þeim hætti að við hvert launaþrep bætist 1/40 hluti af mismuninum af kr. 84.000 og hlutaðeigandi mánaðarlaunataxta. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. kjarasamningsins miðast framangreindar hækkanir við föst laun fyrir dagvinnu að meðtalinni yfirborgun. Í 3. mgr. 2. gr. er launatafla sem virðist ekki byggð á launatöflum samkvæmt kjarasamningum, heldur gerð til leðbeiningar um launahækkun þeirra sem njóta yfirborgana allt að kr. 84.000 mánaðarlaunum.

Ekki verður annað ráðið af framangreindum tilvitnunum í 2. gr. kjarasamnings málsaðila en að þar sé um að ræða sérstakar launahækkanir miðaðar við undirskriftardag kjarasamningsins og að þrepahækkun eða línuleg hækkun samkvæmt 2. mgr. 2. gr. samningsins komi til framkvæmda einu sinni við upphaf samningsins með tilætluðum áhrifum samþjöppunar á mánaðarlaunataxta, en feli ekki í sér sívirka reiknireglu sem nota skuli umfram það til loka samningsins 31. desember 1996. Hin sérstaka hækkun 2. mgr. 2. gr. kjarasamningsins hefur því ekki frekari áhrif á launatöflur kjarasamninga eða launahreyfingar til loka samningstímans.

Með aðilum er ágreiningur um það hvort hið sérstaka námskeiðsálag, að fjárhæð kr. 3.207, sem fiskvinnslufólk og starfsfólk í mötuneytum hefur öðlast, skuli vera undanskilið eða meðtalið við útreikning á hinni sérstöku launahækkun samkvæmt 2. mgr. 2. gr. kjarasamningsins frá 21. febrúar 1995. Þykir stefnandi ekki hafa sýnt



nægilega fram á að hið sérstaka námskeiðsálag sé undanskilið þegar launahækkun 2. mgr. 2. gr. samningsins kom til framkvæmda þann 21. febrúar s.l. Þykir verða að líta svo á að námskeiðsálög verði hluti af föstum launum fyrir dagvinnu. Orðalag greinarinnar gefur því ekki tilefni til að undanskilja námskeiðsálög sérstaklega þegar útreikningur þessarar sérstöku launahékkunar fór fram við gildistöku kjarasamningsins. Enda þótt námskeiðsálög þau sem um er deilt í málinu séu sérstaks eðlis, hefðu aðilar orðið að undanskilja þessi álög sérstaklega ef þau áttu ekki að teljast til fastra launa í skilningi 3. mgr. 2. gr. samningsins. Fallast ber því á það með stefnda að við útreikning sérstakrar launahékkunar samkvæmt 2. og 3. mgr. 2. gr. umrædds kjarasamnings, skuli leggja til grundvallar öll föst laun fyrir dagvinnu eins og þau eru á undirskriftardegi kjarasamningsins, þ.m.t. námskeiðsálög samkvæmt gr. 1.1.1. og 18.2. í aðalkjarasamningi málsaðila.

Stefnandi gerir einnig kröfu til þess að viðurkennt verði að engin breyting hafi orðið á umsömdu námskeiðsálagi sérhæfðs fiskvinnslufólks samkvæmt aðalkjarasamningi málsaðila og að engin breyting hafi orðið á umsömdu námskeiðsálagi starfsfólks í mötuneytum samkvæmt sama aðalkjarasamningi.

Óumdeilt er að framangreind námskeiðsálög eru bæði að því er varðar sérhæft fiskvinnslufólk og starfsmenn í mötuneytum föst krónutala eða kr. 3.207,- á mánuði. Sú fjárhæð er sérstaklega umsamín í kjarasamningi vegna tiltekinna námskeiða og tekur ekki sérstökum breytingum með launatöflum kjarasamningsins að öðru leyti. Álög þessi leggjast því jafnt á öll launaþrep almenns launataxta fiskvinnslufólks og starfsfólks í mötuneytum og taka því aðeins sérstakri hækkun að um slíkt sé sérstaklega samið.

Í 1. gr. umdeilds kjarasamnings málsaðila segir m.a. að allir síðastgildandi kjarasamningar framlengjist til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörnum sem í samningnum felast. Sé litið til sérstakra áлага, sömdu málsaðilar nú um sérstaka krónutöluhækkun desemberuppbótar í kr. 15.000,-, sbr 4. gr. samningsins og sérstaka fjárhæð varðandi vinnufatnað, sbr. 10. gr. Hins vegar verður ekki séð að málsaðilar hafi samið um neinar breytingar á umræddum námskeiðsálögum. Hefði verið eðlilegt að geta þess sérstaklega í samningnum nú, ef breyting álagsins hefði staðið til einkum ef til þess er litið að um fasta tilgreinda krónutölu er að ræða í aðalkjarasamningi.

Vegna framangreinds þykir því verða að taka til greina þá kröfugerð stefnanda, að engin breyting hafi orðið á fjárhæð umsamins námskeiðsálags sérhæfðs fiskvinnslufólks í aðalkjarasamningi málsaðila og að engin breyting hafi orðið á fjárhæð umsamins námskeiðsálags starfsfólks í mötuneytum samkvæmt sama samningi. Eftir 21. febrúar 1995 bætast því umsamin námskeiðsálög kr. 3.207,- á mánaðarlaun þeirra sem til námskeiðsálaga þessara vinna. Allur annar skilningur myndi leiða til þess að hin sérstaka línulega hækkun í niðurlagi 2. mgr. 2. gr. allt að kr. 84.000,- heildarmánaðarlaunum yrði afturvirk. Enda þótt orðalag og efni 2. gr. umdeilds kjarasamnings sé um margt óskýrt, verður ekki séð annað en að hinni sérstöku reglu 2. mgr. 2. gr. sé ætlað að gilda í eitt skipti fyrir öll á undirskriftardegi eins og áður segir, en ekki afturvirk.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið ber að taka kröfu stefnda til greina hvað varðar útreikning hinnar sérstöku launahækkunar 2. mgr. 2. gr. í kjarasamningi málsaðila um það hvað teljist til fastra launa við dagvinnu á undirskriftardegi samningsins. Hins vegar verður að taka til greina síðari kröfulið stefnanda um að engin breyting hafi orðið á fjárhæð umsamins námskeiðsálags sérhæfðs fiskvinnslufólks og starfsfólks í mötuneytum. Námskeiðsálög kr. 3.207,- verða því óbreytt til loka samningstímans.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Viðurkennt er að við útreikning sérstakrar launahækkunar samkvæmt 2. og 3. mgr. 2. gr. kjarasamnings aðila frá 21. febrúar 1995 skuli leggja til grundvallar öll föst laun fyrir dagvinnu, þ.m.t. námskeiðsálög samkvæmt gr. 1.1.1. og 18.2. í aðalkjarasamningi aðila.

Engin breyting hefur orðið á fjárhæð umsamins námskeiðsálags sérhæfðs fiskvinnslufólks samkvæmt aðalkjarasamningi aðila og engin breyting hefur orðið á fjárhæð umsamins námskeiðsálags starfsfólks í mötuneytum samkvæmt sama aðalkjarasamningi.

Málskostnaður fellur niður.

**S é r a t k v æ ð i**  
**Valgeirs Pálssonar.**

Í kjarasamningi aðila, sem gildi fyrir gerð kjarasamningsins 21. febrúar 1995, var námskeiðsálag tiltekin fjárhæð, kr. 3.207 á mánuði, sem bættist við grunnlaun fiskvinnslufólks og starfsfólks í mötuneytum auk starfsaldurshækkana. Fjárhæðin var tilgreind sérstaklega varðandi fiskvinnslufólk (gr. 1.1.1.). Einnig var mánaðarlaunataxtinn með námskeiðsálagi útfærður í sérstakri launatöflu í kjarasamningnum eftir starfsaldursþrepum á sama hátt og laun án námskeiðsálags voru tilgreind. Námskeiðsálag starfsfólks í mötuneytum var einungis útfært í launatöflum sem hækkun á byrjunarlaunataxta, svo og í hverju starfsaldursþrepi (gr. 18.2.). Verður því að líta svo á að laun fiskvinnslufólks og starfsfólks í mötuneytum að viðbættu námskeiðsálagi eins og þau eru tilgreind í launatöflum séu föst laun fyrir dagvinnu í skilningi 3. mgr. 2. gr. kjarasamningsins frá 21. febrúar 1995, enda er þannig um að ræða laun fyrir fast og venjulegt starf óháð öllum óvissutilvikum. Verður því að leggja til grundvallar að við útreikning sérstakrar launahækkunar samkvæmt 2. mgr. 2. gr. umrædds kjarasamnings beri að miða við föst laun þannig ákveðin.

Af orðalagi hins umdeilda ákvæðis í 2. mgr. 2. gr. kjarasamningsins verður ekki ráðið að hin sérstaka hækkun hafi átt að koma til framkvæmda aðeins einu sinni, þ.e. við gildistöku samningsins. Með þeirri launabreytingu, sem aðilar sömdu um samkvæmt 2. og 3. mgr. 2. gr. kjarasamningsins, var stefnt að jöfnun launa. Verður ekki annað séð en sú launajöfnun, sem þannig var samið um, skyldi vera viðvarandi á samningstímanum. Í því felst að með hinni sérstöku hækkun verða óhjákvæmilega allir þættir fastra mánaðarlauna samkvæmt launatöflum, sem eru lægri en kr. 84.000, að sæta um leið vissri skerðingu. Verður skerðingin að taka til allra þeirra þátta, sem teljast til fastra launa fyrir dagvinnu og hin sérstaka sérstaka hækkun nær til samkvæmt því sem áður greinir. Í þessum efnun er ekki unnt að taka einn þátt hinna föstu launa út úr, svo sem sjálf grunnlaunin, starfsaldurshækkanir eða námskeiðsálag. Að öðrum kosti næði markmið samningsins um launajöfnun ekki fram að ganga.

Í 1. gr. kjarasamningsins segir að allir síðast gildandi kjarasamn-

ingar aðila framlengist til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningnum felast. Þá er í kjarasamningnum ekki kveðið á um það berum orðum að námskeiðsálag skuli breytast sérstaklega hvað fjárhæð snertir eða að það skuli vera óbreytt. Af 1. gr. samningsins leiðir hins vegar að ákvæði samningsins um námskeiðsálög (gr. 1.1.1. og 18.2.) verða að taka breytingum þannig að þau samrýmist ákvæðum 2. og 3. mgr. 2. gr. um hina sérstöku hækkun, svo og þeim markmiðum sem að baki ákvæðunum búa. Því verður að skilja hinn umdeilda kjarasamning málsaðila svo að á samningstímanum fái fiskvinnslufólk og starfsfólk mötuneyta að loknu námskeiði launahækkun og taki síðan laun samkvæmt viðeigandi launatöflum eftir að þeim hefur verið breytt samkvæmt fyrir-mælum 2. gr. samningsins.

Komi hin sérstaka hækkun aðeins einu sinni til framkvæmda við upphaf samningsins verður afleiðingin sú að laun verða mismunandi eftir því hvort námskeiðsálag hafi best við mánaðarlaun fyrir gildistöku samningsins eða bætist við að loknu námskeiði eftir gildistöku hans. Telja má fullvíst að samningsaðilar hafi ekki stefnt að slíkum launamismun með gerð þessa kjarasamnings. Þá verður kröfugerð stefnanda hér fyrir dómi og málantilbúnaður hans að öðru leyti vart skilin svo að ætlun hans hafi verið að námskeiðsálag skyldi ákveðið með tvennum hætti samkvæmt kjarasamningnum, þ.e. skert námskeiðsálag gagnvart þeim sem höfðu áunnið sér það við gildisstöku samningsins en óskert gagnvart þeim sem ávinna sér það síðar á samningstímanum. Miklu fremur var ætlun hans með málshöfðun þessari að komið yrði í veg fyrir tvenns konar námskeiðsálag.

Að öllu framangreindu virtu verður atkvæði mitt að hafna beri kröfum stefnanda í máli þessu. Á hinn bóginn þykir mega taka til greina gagnkröfu stefnda um að viðurkennt verði, að við útreikning sérstakrar launahækkunar skv. 2. og 3. mgr. 2.gr. kjarasamnings málsaðila frá 21. febrúar 1995 skuli leggja til grundvallar öll föst laun fyrir dagvinnu, þar með talin námskeiðsálög samkvæmt gr. 1.1.1. og 18.2. í aðalkjarasamningi aðila. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.